

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

I. Fullorðnir.	
Einstakir miðar	kr. 30.00
Afsláttarmiðar, 10 stk.	— 210.00
II. Börn:	
Einstakir miðar	— 12.00
Afsláttarmiðar, 10 stk.	— 80.00
III. Gufuböð	— 70.00
IV. Sundnámskeið (20 st.).	
Fullorðnir	— 750.00
Börn	— 500.00
V. Íþróttafélög.	
16 ára og eldri, 10 skipti	— 100.00
Yngri en 16 ára, 10 skipti	— 60.00
VI. Leiga á handklæðum og skýlum	— 20.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 248 22. desember 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

5. júlí 1973.

Nr. 247.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Siglufjarðarkaupstað.

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Túngötu norðanverðri frá Hvanneyrarbraut og að húsinu nr. 39 við Túngötu, beggja vegna götunnar.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hvanneyrarbraut að vestanverðu frá stignum norðan við hús nr. 63 og suður að Hvanneyrará.
3. Biðskylda verður á Hlíðarvegi við Hvanneyrarbraut.
4. Fellt er niður bann við innakstri í Hvanneyrarbraut úr Þormóðsgötu og sömu-leiðis bann við vinstri beygju úr Túngötu og inn í Þormóðsgötu og úr Hvanneyrarbraut inn í Túngötu, sbr. auglýsing nr. 155/1968.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 5. júlí 1973.

Eliás I. Eliasson.